


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	ENSK1LO05 Námsáætlun – vorönn 2019	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3		

Kennari	Iain Peter Matchet	Sk.st.	IAN
----------------	--------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga er lögð mikil áhersla á lestur fjölbreyttra texta til að auka lesskilning og orðaforða. Auk þess er nemandinn þjálfður markvisst í munnlegri tjáningu og ritun. Undirstöðuatriði enskrar málfræði eru rifjuð upp. Lesnar eru óstyttar smásögur með það að markmiði að þjálfna nemandann í textarýni og túlkun. Nemendur vinna ýmist sjálfstætt eða í hópum að fjölbreyttum og skapandi verkefnum, m.a. úr sjálfvöldu efni. Markmið áfangans er að nemendur auki grunnþekkingu sína í ensku og geri sér grein fyrir hvernig hún nýtist þeim á fjölbreyttan og hagnýtan hátt.

Markmið:

Þekkingarviðmið – Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:


- almennum orðaforða sem tengist efni áfangans
- grundvallarþáttum málfræðinnar
- notkun hjálpargagna svo sem orðabóka og leiðréttingarforrita
- algengum framburðarreglum
- formgerð og byggingu texta og mismuninum á töluðu og rituðu máli

Leikniviðmið – Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá sig munnlega og skriflega í samfelldu máli um sjálfan sig, umhverfi sitt og annað sem tengist efni áfangans
- skrifa einfaldan texta um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á
- lesa mismunandi texta
- hlusta og skilja almenn samtöl
- nota stafrænar orðabækur, upplýsingatækni og nauðsynleg hjálpargögn í tungumálanámi
- taka þátt í einföldum samræðum
- setja upp texta á viðeigandi hátt eftir aðstæðum hverju sinni

Hæfniviðmið – Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita mismunandi lestraraðferðum eftir því sem við á
- beita grundvallaratriðum enskrar málfræði í ritun og tali
- rýna í styttri bókmenntatexta
- afla sér upplýsinga á fjölbreyttan hátt um mismunandi málefni
- gera greinarmun á mismunandi málnotkun eftir aðstæðum og fylgja eftir og taka þátt í samræðum um efni sem farið hefur verið í
- þróa með sér aga og skipulögð vinnubrögð
- útskýra og rökstyðja skoðanir sínar á tilteknum málefnum á enskri tungu
- miðla eigin þekkingu og skoðunum á efni sem hann hefur kynnt sér, leysa úr viðfangsefnum, einn eða í samstarfi við aðra

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3	ENSK1LO05 Námsáætlun – vorönn 2019	

Námsgögn:

English for ENSK1LO05 (fæst á skrifstofu VMA)
Smásagnahefti: *ENSK1LO05* (fæst á skrifstofu VMA)
Ljósritað efni frá kennara

Áætlun um yfirferð:


Lotur	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
Lota 1 07.01. - 01.02.	Kynning á námsefni áfangans. Lesnir kaflar 1 - 3 í <i>English for ENSK1LO05</i> , málfræði skoðuð og verkefni unnin. Ritunarverkefni 1 Orðaforði / þýðingarverkefni 1	Málfræðiverkefni unnin í tímum og heima. Ritunarverkefni 1 (5%) Orðaforði / þýðingarverkefni (1,5%)
Lota 2 04.02. - 01.03.	Lesnir kaflar 4 - 6 í <i>English for ENSK1LO05</i> , málfræði skoðuð og verkefni unnin. Smásagan " Lamb to the Slaughter " lesin og rædd.	Smásagan "Lamb to the Slaughter": verkefni (6%). Kaflapróf úr köflum 1 - 4 (6%) Þemaverkefni (5%) Þemavika 18.-22. febrúar
Lota 3 04.03. - 29.03.	Lesnir kaflar 7 - 8 í <i>English for ENSK1LO05</i> , málfræði skoðuð og verkefni unnin. Smásagan " Shatter Proof " lesin og rædd. Ritunarverkefni 2	Smásagan "Shatter Proof": verkefni (6%). Kaflapróf úr köflum 5 - 8 (6%). Ritunarverkefni 2 (4%)
Lota 4 01.04. - 10.05.	Lesnir kaflar 9 - 10 í <i>English for ENSK1LO05</i> , málfræði skoðuð og verkefni unnin. Smásagan " The Inspiration of Mr Budd " lesin og rædd. Orðaforði / þýðingarverkefni 2	Smásagan "The Inspiration of Mr Budd": verkefni (6%). Hlustunarpróf (6%) Orðaforði / þýðingarverkefni (1,5%)

Verkefni:

Ýmis verkefni verða unnin í tímum og heima. Mikil áhersla er lögð á virkni og vinnusemi nemenda í tímum.

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Smásögur	Verkefni úr smásögum (6% hvert)	18%	
LesPez	7 LesPez verkefni lögð fyrir úr sjö köflum (1% hvert)	7%	
Ritun	2 ritunarverkefni (það fyrra 5% og seinna 4%)	9%	
Kaflapróf	2 kaflapróf (sjá að ofan - 6% hvort)	12%	
Orðaforði/þýðingar	2 stutt verkefni úr orðaforða tiltekinna leskafla (1.5% hvort)	3%	
Vinna með þemu	Þemaverkefni (hópavinna/kynning – Kennari velja efni)	5%	
Hlustunarpróf	Nemendur taka hlustunarpróf í lok annar	6%	
Lokapróf	Lokapróf tekið í prófatíð	40%	
Samtals:		100%	

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	ENSK1LO05 Námsáætlun – vorönn 2019	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		

Heildarnámsmat:

Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um mætingu. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag nema annað sé tekið fram. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma, þá lækkar einkunn um hálfan (0,5) næstu fimm virku daga. Eftir það eru skil ekki heimil. Lágmarkseinkunn í áfanganum er 5 (þ.e. 45% til 54% markmiða náð). **Öllum nemendum ber að þreyta lokapróf til að annareinkunn reiknist til lokaeinkunnar.**

Verði nemandi uppvís að ritstuldi við samningu ritgerða eða annarra verkefna, fær hann einkunnina 0,0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot geta varðað brottvikningu úr áfanganum.

Dagsetning: 04. 01. 2019


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

